



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 19. september 2025
1510002 ÁÓ

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2026

Á 140. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem fram fór 12. september síðastliðinn, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2026. Svæðisskipulagsstjóri kynnti tillöguna.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt að senda fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar til aðildarsveitarfélaga SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra fyrir árið 2026.

Afgreiðsla sveitarfélaga:

Meðfylgjandi eru tillögur að annars vegar fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir 2026 og hins vegar tillaga að starfsáætlun nefndarinnar fyrir tímabilið janúar 2026 til maí 2026.

Er farið fram á að þessar tillögur verði teknar til efnislegrar umræðu og samþykktar á vettvangi sveitarfélgasins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síður en 16. október nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Fylgigögn:

Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2026.

Tillaga að starfsáætlun nefndarinnar janúar 2026 til júní 2026.

Virðingarfyllst,

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins